

Ed.

403. Nefndarállit

um tillögu til þingsályktunar um hafnargerð í Þorlákshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Neðri deild Alþingis hefir með þingsályktunartillögu skorað á landsstjórnina að láta, svo fljótt sem hægt er, hafnarverkfræðing rannsaka, enn betur en gert hefir verið, byggingu öruggtrar hafnar í Þorlákshöfn, og útvega áætlun um hvað slík hafnargerð muni kosta.

Tillaga þessi hefir komið fyrir efri deild og henni þar vísað til sjávarútvegsnefndar til umsagnar.

Nefndin lítur svo á, að tillaga þessi sje svo óákveðin, að það sje nokkuð erfitt að gera sjer ljóst, hvers konar hafnargerð við er átt.

Það virðist því fremur ástæða til að gera sjer þetta ljóst frá byrjun, þar sem ýmsar rannsóknir hafa áður verið gerðar viðvíkjandi hafnargerð í Þorlákshöfn. Þessar rannsóknir hafa verið bygðar á mjög mismunandi grundvelli, enda hefir niðurstaðan orðið svo ólík, að litið hefir verið á henni að byggja. Það er því ekki nema sjálfsagt, að þingið gangi svo frá þessu máli, að stjórnin sje ekki í neinum vafa um, hvað það er, sem hún á að láta rannsaka.

Árið 1909 var Th. Krabbe verkfræðingur fenginn til að gera áætlun um bátahöfn í Þorlákshöfn, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að þar mundi mega gera sæmilega höfn fyrir 50—60 vjelbáta, og kostnaður við þá hafnargerð álitur hann, að muni verða 600 þúsund krónur.

Fyrir nokkrum árum hafði frakkneskt fjelag fest kaup á Þorlákshöfn, og hafði að sögn í hyggju að gera þar útflutnings- og fiskiveiðahöfn. Sumarið 1911 dvöldu frakkneskir verkfræðingar þar á staðnum við þess konar athuganir. Að hvaða niðurstöðu þeir hafa komist, er ekki kunnugt hjer, en úr því að ekkert varð úr framkvæmdum, virðist ástæða til að ætla, að staðurinn hafi ekki þótt álitlegur fyrir stórskipahöfn.

Fyrir tilhlutun Fiskifjelags Íslands gerði Jón Þorláksson landsverkfræðingur áætlun um bátahöfn í Þorlákshöfn og ljet uppi það álit, að höfn fyrir 30—40 vjelbáta mundi kosta 328 þúsund krónur.

Þessi áætlun mun hafa verið gerð árið 1914.

Síðasta tillagan um hafnargerð á nefndum stað er frá Jóni Ísleifssyni verkfræðing, árið 1916. Hann gerir ráð fyrir, að höfn fyrir 100 vjelbáta, sem þannig sje gerð, að smærri vöruflutningaskip geti einnig fengið þar afgreiðslu, muni kosta 710 þúsund krónur.

Allar eiga áætlanir þessar sammerkt í því, að þær eru miðaðar við ástandið eins og það var áður en striðið hófst, og liggur því í augum nppi,

að litið er á þeim að byggja nú, hvað kostnaðinn snertir. Hann yrði auðvitað miklu meiri, og litlar líkur eru til, að efni, áhöld og vinna verði nokkurn tíma fánlegt fyrir sama verð og áður. Það virðist því ekki ólíklega til getið, að ef nokkuð ætti að verða af framkvæmd um þetta mál í næstu framtíð, þá mætti áætla kostnaðinn alt að helmingi hærri en gert er ráð fyrir í nefndum áætlunum.

Það er einnig önnur hlið málsins, sem engu síður þarf að athuga vandlega, nefnilega sú, hvort rannsóknir þær, sem gerðar hafa verið, eru fullnægjandi að því er traustleika verksins snertir.

Nefndin hefir átt tal við Jón Ísleifsson verkfræðing um málið, og hefir hann látið í ljós, að mikið vantaði á, að fullrannsakað væri, hvað til þess útheimtis, að brimbrjóturinn yrði þannig gerður, að hann gæti talist fulltraustur til þess að standast brimrótið, þegar hafið legst að í fullveldi sínu. Tilraunin í því skyni að fá vissu í þessu efni hefir hann hugsað að gera með þrem björgum úr steinsteypu, sem sjeu 10, 15 og 20 smálestir að þyngd.

Þessi björg ætti að steypa á klöppum neðarlega í fjörunni, og hann álitur, að eftir nokkur stórbrim megi með talsverðri vissu ákveða, hversu þung björg þurfi til þess að gera garðinn öruggan.

Með því að nefndin litur svo á, að rannsóknir Jóns Ísleifssonar um hafnargerð í Þorlákshöfn, það sem þær ná, sjeu þess verðar, að þeim sje haldið áfram, telur hún rjett að veita landsstjórninni heimild til að nota það tje, sem með það þarf til þess að fullkominni rannsókn á höfn af þeirri stærð, sem Jón Ísleifsson hefir áætlað, verði að fullu lokið.

Hins vegar álitur nefndin, að stærri hafnargerð en sú, sem getið er um hjer að framan, geti varla komið til mála á þessum stað, því að það er augljóst, að eftir því sem bygt væri á meira dýpi, þá margfaldaðist kostnaðurinn, og yrði þá um fleiri miljóna fyrirtæki að ræða, sem landinu að líkindum væri of vaxið og ekki mundi svара kostnaði.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, leyfir nefndin sjer að koma fram með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Þingsályktunartillaga á þingskj. 181 orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta, svo fljótt sem unt er, rannsaka hvort hafnarvirki þau, sem Jón H. Ísleifsson verkfræðingur hefir mælt og áætlað í Þorlákshöfn, muni vera fulltraust, og gera vandlega áætlun um, hvað slík fulltraust hafnargerð muni kosta.

Alþingi, 10. ágúst 1917.

M. J. Kristjánsson,
framsögum.

Karl Einarsson,
form.

Kristinn Danielsson.